

**31** — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir vesturumdæminu um að leggja*  
 27. febr. niður nokkrar þurrabúðir. — Eptir að felldar höfðu verið samkvæmt brjef-  
 um dómsmálastjórnarinnar og landshöfðingja frá 25. júlí 1867 og 3. júní 1875 8 þurra-  
 búðir á jörðinni Ingjaldshóli, er heyrir undir Arnarstapaumboð, hafið þjer, herra amt-  
 maður, með brjefi 19. þ. m. sent mjer erindi hlutaðeigandi umboðsmanns, þar sem hann  
 mælir fram með því, að ábúanda nefndrar jarðar verði leyft aptur að leggja niður 4 af  
 þeim 8 þurrabúðum, er eptir eru á umboðsjörðinni.

Af þessu tilefni vil jeg, með því að bæði þjer og umboðsmaðurinn fullyrð-  
 ið, að jörðin Ingjaldshóll sje engu óbyggilegri, þó nefndar þurrabúðir sjeu lagðar nið-  
 ur, með því að landssjóðurinn engar tekjur hefir af þeim, og með því að hlutaðeigandi  
 hreppsnefnd hefir vottað, að þurrabúðirnar hafi fallið úr byggingu sökum fiskileysis og  
 fátæktar almennings þar um sveitir — hjer með samþykkja, að þessar þurrabúðir verði  
 felldar af, þegar búíð sje að skila þeim af hendi í fullgildu standi eða með ofanálagi, og  
 viðirnar og annað fjemætt úr þeim sje selt á almennu uppboðsþingi, en fyrir andvirði  
 því, sem inn kemur, og ofanálaginu, sem metið verður, skal umboðsmaður gjöra grein í  
 reikningi sínum fyrir tekjum umboðsins.

Þetta er yður tjáð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar,  
 ar, og vona jeg síðan að fá skýrslu frá yður um það, sem gjört verður í þessu máli.

**32** — *Brjef landshöfðingja til póstmeistarans um þóknun handa pósti.* — Með  
 28. febr. þóknanlegu brjefi frá 19. þ. m. hafið þjer, herra póstmeistari, sent mjer bónarbrjef pósts-  
 ins milli Akureyrar og Reykjavíkur, Daníels Sigurðssonar, um skaðabætur fyrir slys, er  
 hann hafi orðið fyrir á fyrstu póstferð sinni á þessu ári, þar sem einn af klyfjahestum  
 hans hafi hrapað af svo nefndum Kattarhrygg í Norðurárdal, þannig að nauðsynlegt var  
 þegar í stað að skera hestinn á háls. Með því að Daníel hefir reynzt ötull og áreiðan-  
 legur póstur, og með því að slys þetta virðist ekki hafa orðið fyrir neina handvömm  
 hans eða hirðuleysi, leggið þjer til, að honum verði bættur úr póstsjóði hálfur skaðinn,  
 er hann hefir orðið fyrir, með 30 krónum.

Fyrir því vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar, að jeg  
 fellst á, að tjeðum pósti verði í þóknunarskygni greidd úr póstsjóði hin áminnzta upphæð.

**33** — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðurumdæminu um sveitarstyrk.*  
 5. marz — Eptir að þjer, herra amtmaður, í brjefi frá 23. apríl 1877 höfðuð úrskurðað, að Hraun-  
 gerðishreppur ætti að endurgjalda Villingaholtshreppi 20 kr., er hinn síðarnefndi haustið  
 1876 lagði ekkjunni Steinunni Jónsdóttur á Kolshóli, áfrýjaði hreppsnefndin í Hraungerðis-  
 hreppi þessum úrskurði, og vil jeg nú, að ihuguðum þeim nýju skýringum, er síðan hafa  
 komið fram meðal annars með 2 rjettarprófum, er haldin hafa verið samkvæmt skipun  
 minni, tjá yður það, er nú segir til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutað-  
 eigöndum.

Áfrýjendurnir játa, að Steinunn hafi, þá er hún þáði áminnztan styrk, verið sveitlæg  
 í Hraungerðishreppi; en þeir halda því fram, að hún hafi ekki þurft styrksins, að hún,  
 þó hún hefði þurft hans, hefði getað fengið hann hjá 3 börnum sínum af fyrra hjóna-  
 bandi, er þá voru nýbúin að taka nokkurn arf, og að Villingaholtshreppur hafi neytt  
 upp á hana styrknum. Hvað nú fyrst snertir hina síðastnefndu ástæðu, þá hafa að vísu